

Bréf

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 13. maí 2019
2019010031

Efni: Umsögn - Tillaga til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar - 771. mál

Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar, 771. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 30. apríl 2019, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa velferðarnefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar, 771. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Tillagan um framkvæmdaáætlun á sviði barnaverndar sem Alþingi hefur til meðferðar var unnin í góðu samráði við Barnaverndarstofu í félagsmálaráðuneytinu (áður velferðarráðuneytinu). Að mati Barnaverndarstofu er tillagan metnaðarfull og svarar stofunnar helstu áskorunum sem barnavernd á Íslandi stendur frammi fyrir varðandi þjónustu við börn og vinnslu barnaverndarmála.

Barnaverndarstofa fagnar því sérstaklega að þau verkefni sem sett eru fram í tillögunni eru að verulegu leyti tillögur sem miða að því að auka þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra og að fyrirhugað er að það fjármagn sem þarf til að veita þá þjónustu fylgi með áætluninni. Skiptir slíkt sköpum til þess að hægt sé að fylgja slíkri áætlun eftir.

Einnig telur Barnaverndarstofa sérstaklega ástæðu til þess að fagna því að tillagan sé sett fram innan við ári eftir að sveitarstjórnarkosningar fóru fram þar sem iðulega hefur tekið mjög langan tíma að setja tillöguna fram og stundum hefur verið langt liðið á kjörtímabil sveitarstjórna þegar tillagan kemur fram og gildistími áætlunar þar af leiðandi mjög stuttur, sem gerir það erfitt að fylgja áætluninni eftir og koma henni til framkvæmdar.

Barnaverndarstofa hvetur Alþingi til að samþykkja framkvæmdaáætlunina eins og hún er lögð fram af félags- og barnamálaráðherra og að það verði gert fyrir þinglok á vormánuðum 2019 svo hægt verði að hefja framkvæmd þeirra verkefna sem tillagan gerir ráð fyrir.

Barnaverndarstofa veitir velferðarnefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt
f.h. Barnaverndarstofu



Heiða Björg Pálmadóttir
forstjóri Barnaverndarstofu